



Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík: 8. des 2020  
Tilvísun: 202012-0008

### **Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á búvörulögum, nr. 99/1993 (úthlutun tollkvóta).**

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar mál 376, þ.e. breytingu á búvörulögum en málið felur í sér að vikið verði tímabundið frá nýju fyrirkomulagi við útboð tollkvóta, svokölluðu jafnvægisútboði og eldra útboðsfyrirkomulag endurvakið. Í greinargerð með frumvarpi er farið yfir versnandi stöðu innlendrar matvælaframleiðslu í ljósi heimsfaraldurs en þar er bent á að fækkun erlendra gesta hafi dregið úr eftirspurn eftir innlendri framleiðslu.

Breytingar voru gerðar á fyrirkomulagi útboðs við úthlutun tollkvóta í byrjun árs 2020 til að mæta sjónarmiðum um að eldra kerfi gæti ekki tryggt ábata neytenda af auknu tollfrelsi. Í nýlegri úttekt Verðlagseftirlits ASÍ sem gerð var fyrir Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið voru áhrif framangreindra breytinga könnuð á verðþróun landbúnaðarafurða. Samantekið má segja að breytt fyrirkomulag við útboð tollkvóta hafi komið neytendum til góða og hækkun á afurðum sem falla undir útboð tollkvóta reynst hófleg samanborið við verðþróun á annarri matvöru. Þannig jókst vöruúrval og mældist meðalhækkun á kjötafurðum einungis 1,2-4,9% á sama tímabili og gengi krónunnar veiktist um 17%. Á sama tímabili hækkaði verð á sambærilegum innlendum vörum um á bilinu 1,6-5,1%<sup>1</sup>.

ASÍ tekur undir að full ástæða er að hafa áhyggjur af stöðu innlendra matvælaframleiðenda og störfum í matvælaframleiðslu. Hinsvegar skortir rökstuðning á því hvers vegna mæta eigi þeim vanda með jafn íþyngjandi aðgerð og frumvarpið felur í sér. Mikilvægt er að benda nefndinni á að áhrifin kæmu fram á skömmum tíma í frekari hækkun matvælaverðs og áhrifin því einnig kostnaðarauki fyrir þann hóp sem glímur við verstu efnahagslegu áhrif heimsfaraldurs, þ.e. atvinnuleysi og verulegan tekjumissi. Jafnframt skortir að tölulegar upplýsingar og greiningu á stöðu matvælaframleiðslunnar, hvert tekjufall hefur orðið og hversu almennur vandinn er. Hafa áhrif heimsfaraldurs eingöngu komið fram í þeirri framleiðslu sem hefur orðið fyrir áhrifum breytingu fyrirkomulags við úthlutun tollkvóta?

Efnahagsleg áhrif heimsfaraldurs hafa komið fram víða og stjórnvöld hafa mætt þeim með fjölbreyttum aðgerðum og umfangsmiklum úrræðum. Má þar nefna stuðnings- og brúarlán til fyrirtækja sem orðið hafa fyrir tímabundnu tekjufalli, tekjufalls- og viðspymustyrki, stuðning við greiðslu launakostnaðar á uppsagnarfrest auk fjölda annarra aðgerða.

Alþýðusambandið hefur í þeim efnum tekið undir nauðsyn þess að styðja við rekstraraðila, þar með talið matvælaframleiðendur, sem orðið hafa fyrir neikvæðum áhrifum af heimsfaraldri en hefur þó lagt þunga áherslu á ábyrga ráðstöfun ríkisfjár. ASÍ telur að breytingar á búvörulögum og fyrirkomulagi

<sup>1</sup> Sjá nánar greiningu Verðlagseftirlits ASÍ, <https://www.asi.is/frettir-og-utgafa/frettir/verdlagsfrettir/breytingar-a-tollkvota-skilad-ser-i-auknu-frambodi-og-minni-verdhaekkunum-a-landbunadarvorum/>



útboðs við úthlutun tollkvóta sé ekki skilvirk leið til að mæta rekstrarvanda vegna heimsfaraldurs og að stjórnvöld eigi að mæta rekstrarvanda í greininni með beinum stuðningi þar sem þörfin er mest. ASÍ leggst gegn samþykkt frumvarpsins og kallar eftir betri greiningu á áhrifum Covid-19 á matvælaframleiðendur. Skoða þarf hvort ástæða sé að mæta vanda framleiðenda með frekari úrræðum en nú þegar hafa verið samþykkt vegna heimsfaraldurs. Slík úrræði mega þó ekki hafa íþyngjandi áhrif á þá hópa sem nú þegar glíma við stórfellt tekjufall og erfiða stöðu vegna atvinnumissis.

Fyrir hönd ASÍ,

Róbert Farestveit  
Hagfræðingur